

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 143/1984. **Hafliði Sigurður Björnsson**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

**Sjóleiðum hf.**

(Sveinn Snorrason hrl.)

Sjómenn. Vinnusamningur. Brottvikning úr starfi. Sjóveðréttur.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1984. Dómkröfur hans eru þessar:

„*Aðalkrafa:* Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda kr. 229.546,00 ásamt 42% ársvöxtum frá 1. september 1983 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 10. janúar 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 1. september 1983 að telja.

*Varakrafa:* Að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda kr. 148.890,00 ásamt vöxtum eins og greinir í aðalkröfu.“

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo og krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Sögu fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi gerir þessar dómkröfur:

„*Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar höfuðstól skuldar, en vextir verði ákveðnir almennir sparisjóðsvextir, eða svo sem stefnandi (sic) krefst til 10. janúar 1984 og síðan áfram 21,5% ársvextir til 20. janúar 1984 en 15% frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986, en 9% frá þeim degi til greiðsludags.*

Að niður verði felld ákvæði héraðsdóms um að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við 10. janúar 1984.

Að stefndur verði að öðru leyti sýknaður af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Að málskostnaður í héraði verði felldur niður en áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í Hæstarétti að mati Hæstaréttar, en til vara að málskostnaður verði felldur niður.“

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms var háð vitnamál á bæjarþingi Reykjavíkur 1. október 1985. Kom Stefnir Einar Magnússon þá fyrir dóm til vitnisburðar, en hann var áður skipverji á m/s Sögu. Í vætti sínu skýrði hann þannig frá aðdraganda að átökum milli áfrýjanda og Jóhannesar Jóhannessonar matsveins í klefa hins fyrrnefnda, að áfrýjandi hefði vikið sér frá um stund, en Jóhannes þá tekið öflösku, hrist hana og úðað úr henni um allt herbergið.

Á það hefur verið bent af hálfu áfrýjanda varðandi yfingar hans og Inga Valgeirssonar bátsmanns að undirmönnum hafi verið óheimilt að snæða í matsal yfirmanna. Var vísað um þetta til kjarasamnings fyrir vélstjóra á kaupskipum 1. júlí 1982, grein 19.2.1. en þar segir:

„Aðstoðarvélstjórar skulu hafa aðgang að borðsal yfirmanna, verði því við komið. Eigi skulu aðrir hafa aðgang að borðsal yfirmanna en þeir og gestir þeirra.“

Í grein 19.2.2. segir hins vegar svo: „Óbreyttur háttur má vera á þeim skipum útgerðanna sem ekki beita hefðbundnum hætti í framreiðslu í dag.“

Þar sem leggja þykir mega til grundvallar í málinu skýrslu Þóris Kristjónssonar skipstjóra fyrir dómi um það að það hafi verið venja á m/s Sögu að undirmenn drykkju alltaf kaffi í matsal yfirmanna á nóttunni og mötuðust þar einnig oft endranær, gat áfrýjandi ekki byggt á fyrrnefndu ákvæði til að vísa Inga úr borðsalnum.

Sjálfur hefur áfrýjandi viðurkennt að hafa slegið til Inga Valgeirssonar að fyrri bragði.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann en tekið er fram að ákvæði dómsins um að vexti skuli leggjast við höfuðstól hinnar dæmdu fjárhæðar einu sinni á ári kemur ekki til álita sérstaklega fyrir Hæstarétti þar sem málinu er ekki gagnáfrýjað, og að auki

var krafist staðfestingar dómsins í greinargerð stefndu til Hæstaréttar.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 25.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hafliði Sigurður Björnsson, greiði stefnda, Sjóleiðum hf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. maí sl., hefur Hafliði Sigurður Björnsson, Ytri Löngumýri A-Húnavatnssýslu, nnr. 3497-1803, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 6. janúar sl. á hendur Sjóleiðum hf., Austurstræti 17, Reykjavík, nnr. 8134-6704. Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér kr. 229.546,00 ásamt 42% ársvöxtum frá 1.9. 1983 til 21.9. 1983, með 35% ársvöxtum frá 21.9. 1983 til 21.10. 1983, með 32% ársvöxtum frá 21.10. til 21.11. 1983, með 27% ársvöxtum frá 21.11. 1983 til 21.12. 1983, með 21,5% ársvöxtum frá 21.12. 1983 til 10.1. 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá 10.1. 1984 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að vextir verði lagðir við höfuðstól eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þá krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ svo og dómvaxta af málskostnaði frá uppsögudegi héraðsdóms. Til vara krefst stefnandi annarrar og lægri fjárhæðar að mati réttarins. Að lokum krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Sögu fyrir tildæmdri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að stefnanda verði tildæmdar kr. 31.076,00 auk innlánsvaxta eins og þeir eru á hverjum tíma frá 1. september 1983 til greiðsludags, en málskostnaður verði felldur niður. Til vara að málskostnaður verði dæmdur að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dómnum án árangurs.

Stefnandi segir tildrög málsins vera þau, að hann hafi um nokkurra mánað skeið verið 2. vélstjóri á m/s Sögu sem sé flutningaskip er Sjóleiðir hf. geri út.

Þann 18. ágúst 1983 hafi hann fengið í hendur uppsagnarbréf þar sem honum sé sagt upp störfum frá 6. s.m. og ástæður tilgreindar á eftirfarandi hátt orðrétt:

„1. Handalögmál, sem þér áttuð aðild að 3.8. er skipið var í sjó á leið til Akureyrar.

2. Handalögmál, sem þér áttuð aðild að á leið frá Akureyri til Blönduóss og þér voruð vakthafandi í vélarrúmi.

3. Smygl á 4 kössum af áfengi með skipinu þegar það kom til landsins 3.8.“

Stefnandi kveðst strax hafa mótmælt uppsögninni sem algjörlega tilhæfulausri. Hann segist hafa slasast á hendi þegar ráðist var á hann er hann stóð vakt í vélarrúmi. Hann hafi verið einn á vakt og hafi árásin verið honum að óvörum. Í þeim átökum hafi hann slasast með þeim afleiðingum, að hann hafi verið óvinnufær til 18. október 1983. Hann telur stefnda hafa sagt sér upp störfum til þess að komst hjá að greiða sér laun í slysaföröllum.

Þá heldur hann því fram að eftir að skipið kom til Reykjavíkur 6. ágúst 1983 hafi hann margsinnis leitað eftir uppgjöri hjá stefnda á ógoldnum launum, en fengið dræmar undirtektir hjá framkvæmdastjóra stefnda, Guðmundi Karlssyni. Hann hafi þó fengið lokauppgjör 18. 11. 1983 á launum til 6.8. 1983, en kröfu um laun vegna slysaforfalla og ólögmætrar uppsagnar hafi verið algjörlega hafnað. Þá hafi stefndi einungis greitt honum kr. 10.000,00 vegna lokauppgjörsins og lokað greiðslu á afganginum síðar, en ekki efnt. Af þessum sökum telur stefnandi sig tilneyddan að höfða málið og sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Eftirstöðvar lokauppgjörs	kr.	31.076,00
2. Laun í slysaföröllum	“	23.476,00
3. Laun á uppsagnartíma (skaðabætur)	“	174.994,00
Samtals	kr.	229.546,00

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína um eftirstöðvar launauppgjörs á lokayfirliti stefnda.

Kröfu um laun í slysaföröllum frá 6. ágúst til 18. ágúst, þegar hann fékk uppsagnarbréfið, kveðst hann byggja á 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. lög 49/1980 og 13. kafla kjarasamnings fyrir vélstjóra á kaupskipum.

Kröfu um laun á uppsagnartíma kveðst hann byggja á 2. mgr. 13. gr. og 34. gr. sjómannalaga nr. 63/1967, sbr. 4. kafla kjarasamnings fyrir vélstjóra á kaupskipum.

Vaxtakröfu vísar hann til ákvörðunar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir og laga nr. 56/1979 um dómvexti.

Varðandi sjóveðrétt kveðst hann vísa til 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Af hálfu stefndu er málsatvikum svo lýst, að stefnandi hafi verið ráðinn í skiprúm hjá stefndum á m/s Sögu þann 2. apríl 1983. Meðan hann hafi verið í skiprúmi hafi hann ítrekað gert sig sekan um áreitni, illindi og líkamsárásir á alla skipverja. Þann 3. ágúst 1983 hafi hann ráðist á matsveininn Jóhannes Þ. Jóhannesson og veitt honum áverka og þann 4. ágúst 1983 hafi hann veist að bátsmanni skipsins, Inga Jóhanni Valgeirssyni, í yfirmannamessanum og barið hann í andlitið. Stefnandi hafi síðan hlaupið niður í vélarrúm skipsins. Þangað hafi bátismaður elt hann og hafi þar enn orðið nokkur átök á milli þeirra og hafi af því hlotist ákomur og meiðsl sem að stefndu beri enga ábyrgð á. Stefndu halda því fram, að með heimild í 3. tl. 33. gr. sjómannalaganna nr. 63/1967 hafi afleysingaskiptjóri skipsins, Einar Guðjónsson vísað stefnanda úr skiprúmi þegar við komu skipsins til Reykjavíkur þann 6. ágúst 1983. Næstu daga þar á eftir hafi stefnandi falast eftir því við hinn reglulega skipstjóra, Þóri Kristjánsson og útgerðarstjórann Guðmund Karlsson að fá að koma aftur í skiprúm. Tveir fundir hafi verið haldnir með þessum aðilum vegna beiðni stefnanda, en með tilliti til öryggis skips og áhafnar hafi ekki þótt fært að endurráða hann.

Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi synjað móttöku inneignar sinnar hjá stefndu skv. framansögðu er hann átti þess kost, en dráttur á endanlegu uppgjöri hafi stafað af drætti á skýringum yfirvinnuskriptar stefnanda. Þess vegna sé gerð krafa um að málskostnaður sé niður felldur.

Af hálfu stefndu hefur verið fallið frá þeirri brottvikningarástæðu að stefnandi hafi staðið að smygli á 4 kössum af áfengi með skipinu þegar það kom til landsins 3.8. 1983.

Þá hafa stefndu lagt fram vottorð Jóhannesar Jóhannessonar um að stefnandi hafi ráðist á hann að fyrra bragði, slegið hann í andlitið auk annarra barsmíða og ekki hætt fyrr en skipstjóri hafi skakkað leikinn. Þessu vottorði mótmælir stefnandi sem óstaðfestu og Jóhannes hefur ekki komið fyrir dóminn.

Stefndi hefur lagt fram útdrátt úr leiðarbók m/s Sögu frá 3/8 1983 og 4/8 1983 undirritaðan af skipstjóranum í ferðinni Einari Inga Guðjónssyni. Þar segir:

„3/8 '83. Seinnipart nætur vaknaði ég við háreysti niður á gangi, fór ég niður og voru þar áflog á milli matsveins og 2. vélstjóra. Gat ég komið ró á.

4/8 '83. Upp úr miðnætti vakti 2. vélstjóri mig vegna áfloga milli hans annars vegar og Inga Valgeirssonar, bátsmanns, fór ég niður og varð ekki var við neitt, en rak 2. vélstjóra niður á vakt í vélarúmi sem hann átti að vera.“

Fyrir dóm hafa komið auk stefnanda, framkvæmdastjóri stefnda Guðmundur Karlsson, Þórir Kristjánsson skipstjóri, sem venjulega er með m/s Sögu, Einar Ingi Guðjónsson stýrimaður, sem skipstjóri var í þessari umræddu ferð, Björn Jóhannsson vélstjóri, sem verið hafði fastur 1. vélstjóri, Óskar Guðmundsson, sem var 1. vélstjóri í ferðinni, og Karl Andreasen, nemi, sem var háseti í ferðinni og vitni varð að átökum milli stefnanda og Inga Valgeirssonar, bátsmanns, í yfirmannamesa skipsins 4/8 1983 rétt áður en stefnandi vakti skipstjórnann og fór síðan niður í vélarúm, en þar lenti hann á ný í átökum við bátsmanninn.

Við munnlegan flutning hélt stefndi því fram að ætti stefnandi kröfu á launum á uppsagnartíma eigi að draga frídaga frá þeirri kröfu. Þessu mótmælir stefnandi.

#### *Álit dómsins:*

Af framburðum skipstjórnarmanna, þeirra Þóris Kristjánssonar, Einar Inga Guðjónssonar og Óskars Guðmundssonar er ljóst að einhverjar ýfingar hafa verið með stefnanda og Jóhannesi Jóhannessyni, matsveini, og Inga Valgeirssyni, bátsmanni, og jafnvel fleirum undirmönnum skipsins í þessari ferð og einhverjum fyrri ferðum. Skipstjórnarmennirnir telja stefnanda hafa haft frumkvæði að þeim ýfingum.

Stefnandi hefur sjálfur borið að hann hafi átt upptök að átökum við Jóhannes Jóhannesson nóttina 3/8 1983 og ósannað er að framkoma Jóhannesar hafi verið slík að réttlætti líkamleg átök. Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs og framburði Karls Andreasen háseta, átti stefnandi upptök að átökum hans og Inga Valgeirssonar, bátsmanns, í yfirmannamesanum nóttina 4. ágúst 1983 en þau átök urðu undanfari átaka þeirra strax á eftir niðri í vélarúmi. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að framkoma bátsmannsins hafi réttlætt líkamleg átök.

Einar Ingi Guðjónsson, sem skipstjóri var í ferðinni, bókar í leiðarbók um atburði þessa. Hann hefur fyrir dómi borið að hann hafi látið stefnanda og Inga Valgeirsson gefa sér skýrslur um málið sem hann hafi afhent útgerðinni. Skýrslur þessar hafa ekki verið lagðar fram en Þórir Kristjánsson, skipstjóri, hefur borið að hann hafi á grundvelli þessarar skýrslu og bókunar í leiðarbók krafist þess að stefnanda og bátsmanninum væri sagt upp, þar sem friður verði að ríkja um borð. Hann hefur borið að matsveininum hafi ekki verið sagt upp þar sem hann hafði verið með þeim í tvö ár og allt verið í friði og spekt milli hans og annarra skipverja utan stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því ekki mótmælt að umræddar skýrslur hafi verið gefnar.

Þegar til þess er litið að nauðsyn ber til að friður ríki um borð í skipum

þykir nægjanlega fram komið með því sem hér hefur verið rakið að svo verulegar forsendur hafi verið brostnar fyrir áframhaldandi yfirmannsstarfi stefnanda í þjónustu stefnda að heimilt hafi verið að segja honum upp störfum án fyrirvara skv. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 67/1963 en fram er komið að honum var gefinn kostur á að tala máli sínu með hliðsjón af 65. gr. sömu laga.

Stefnandi á því ekki rétt á kaupum á uppsagnartíma skv. 3. t. kröfugerðar hans.

Stefnandi slasast í átökum, sem hann átti a.m.k. sinn þátt í upptökunum að og útgerð skipsins bar enga ábyrgð á. Hann þykir því ekki eiga rétt til kaups í slysaforföllum. Hins vegar á hann rétt á fastakaupi til þess tíma sem honum var sannanlega sagt upp, en skv. framburði hans sjálfs var það 13. ágúst 1983. Hann hefur borið að hann hafi verið reiðubúinn til vinnu og stefndi hefur ekki mótmælt að hann hafi verið til þess fær. Samkvæmt 2. t. kröfugerðar hans er honum því dæmt kaup í 7 daga eða kr. 6.801,50. Eftir stendur þá krafa hans til eftirstöðva kaupgreiðslna samkv. lokauppgjöri. Stefndi viðurkennir að eiga að greiða þessa upphæð. Hún er þannig tekin til greina. Þar sem sú krafa er í vanskilum á stefnandi rétt á vöxtum eins og krafist er í stefnu af dæmdri fjárhæð, þar á meðal að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við þingfestingu sbr. grundvöll laga nr. 56/1979. Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað miðað við dæmda fjárhæð sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000,00. Vextir af málskostnaði dæmast ekki.

Samkvæmt 2. t. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á stefnandi sjóveðrétt fyrir dæmdri fjárhæð.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi Sjóleiðir hf. greiði stefnanda, Hafliða Sigurði Björnssyni, kr. 37.877,50 með 42% ársvöxtum frá 1/9 1983 til 21/9 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21/10 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21/11 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21/12 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 10/1 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við 10/1 1984.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Sögu fyrir tildæmdum fjárhæðum.